

Alþingi
Erindi nr. P 135/2730
komudagur 14. 5. 2008



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selma Hafliðadóttir
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006 (539. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á lögnum sem taka mið af athugasemdum framkvæmdahóps OECD á þessu sviði.

Viðskiptaráð tekur undir það álit sem kemur fram í greinargerð frumvarpsins að aðgerðir gegn peningabætti og lagareglur á því sviði séu mikilvægur liður í trúverðugleika íslensks viðskiptalífs. Að mati ráðsins er þó mikilvægt að hafa í huga sérstöðu Íslands hvað varðar ítarlegar og miðlægar upplýsingar um einstaklinga og lögaðila búsetta hér á landi og ættu reglur um aðgerðir gegn peningabætti að vera samdar með þá sérstöðu í huga.

Ljóst er að frumvarp þetta felur í sér talsverða aukningu á skyldum fjármálafyrirtækja, en þar ber helst að nefna 4. og 6. gr. frumvarpsins er varða það að viðskiptamenn verði að sanna deili á sér. Frumvarpið gengur það langt að skylda fjármálafyrirtæki til að binda enda á þegar stofnuð viðskiptasambönd ef viðskiptamenn sanna ekki deili á sér. Ákvæði 6. gr. er afar óljóst hvað varðar afleiðingar slíkrar riftunar samningssambands, en telja má að fjármálafyrirtækjum sé m.a. þannig skylt að loka innlánsreikningum og gjaldfella öll útlán til viðkomandi viðskiptamanns. Verði frumvarpið að lögum þurfa fjármálafyrirtækin því að ráðstafa talsverðum mannafla til að fara yfir viðskiptamannagagnagrunn sinn og kalla eftir því að allir viðskiptamenn, sem ekki hafa þegar sannað á sér deili, geri svo en að öðrum kosti verði bundið enda á samningssamband þeirra. Hér er um þúsundir einstaklinga og lögaðila að ræða og miklar líkur eru á því að þessir aðilar séu í viðskiptum við nokkur fjármálafyrirtæki. Þessir aðilar munu því þurfa að sanna á sér deili gagnvart fjölda fjármálafyrirtækja þó nafn þeirra og heimilisfang séu þekkt í þjóðskrá, prókúruumboð og stjórnarsamsetning þekkt í fyrirtækjaskrá og þeir aldrei tengst óeðlilegum viðskiptum.

Ákvæði 6. gr. frumvarpsins felur ekki í sér undanþágur frá þessari skyldu til að sanna deili á sér og kemur því hart niður á þeim sem eiga erfitt með að mæta og leggja fram nauðsynleg gögn, en þar má nefna ellilífeyrisþega, sjúklinga og einstaklinga búsettir erlendis. Ákvæðið hefur heldur ekki að geyma tilmæli um tímamörk riftunar, þ.e. hversu langan frest viðskiptamenn fjármálafyrirtækja fá áður en skal skuli samningssambandinu.

Ákvæðið gengur enn fremur lengra en þau 40 tilmæli FATF sem frumvarpið byggir m.a. á. Í 5. tilmæli FATF er varðar áreiðanieikakannanir á viðskiptavinum (Customer due diligence) segir:

„These requirements should apply to **all new customers**, though financial institutions should also apply this Recommendation to existing customers on the basis of materiality and risk, and should conduct due diligence on such existing relationships at **appropriate times**.“

Af ofangreindu má draga tvenns konar ályktanir af frumvarpi þessu. Annars vegar leggur það kostnaðarsamar skyldur á hendur fjármálafyrirtækja sem og viðskiptamanna þeirra, skyldur sem eru í raun óþarfar vegna þeirra miklu upplýsinga sem nú þegar liggja fyrir um einstaklinga og lögaðila búsetta hér á landi. Í öðru lagi eru skyldur þessar ekki hluti af tilmælum FATF og geta því ekki talist til mikilvægra aðgerða gegn peningabætti.

Viðskiptaráð leggur til að ákvæði 6. gr. frumvarpsins verði fellt brott úr frumvarpinu.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs